

Nd.

**551. Frumvarp til laga**

[233. mál]

um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. marz 1965.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. marz.)

**1. gr.**

Á eftir 7. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 45 29. apríl 1967) komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (8. gr.) Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri, girða af sitt afréttarland, en fá ekki samþykki aðliggjandi hreppa, og skal þá viðkomandi sýslunefnd eða sýslunefndir, áður en tekur til ákvæða 5., 6. og 7. gr. um þau atriði, fella úrskurð um, hvort fyrirhugað girðing skuli heyra undir ákvæði ofanefndra lagagreina. Skal úrskurður sýslunefndar eða sýslunefnda reistur á þrem eftirtöldum atriðum:

1. Hvort ágangur búfjár frá aðliggjandi hreppum réttlæti einhliða ákvörðun kröfuaðilans um lagningu girðingar.
2. Hvort fyrirhugað stæði girðingar er nothæft miðað við hæð lands, landslag og snjóalög.
3. Hvort fleiri sveitarfélög en þau, er lönd eiga að afréttargirðingu, og hver skuli vera þátttakendur í stofn- og viðhaldskostnaði girðingar og eftir hvaða hlutföllum innbyrðis, sbr. næstu grein hér á eftir.

Sé um fleiri en eina sýslunefnd að ræða, skal úrskurður felldur á sameiginlegum fundi.

- b. (9. gr.) Nú er afréttargirðing úrskurðuð hæf af sýslunefnd eða sýslunefndum samkvæmt næstu grein hér á undan, og skulu þá þau sveitarfélög, sem samliggjandi afréttir eiga þeim megin, sem þátttaka var úrskurðuð, vera þátttakendur í úrskurðum kostnaði, hvort sem afréttarlönd þeirra liggja að hinu afgirta landi eða ekki, ef búfé frá þeim hefur síðastliðin fimm ár, áður en girt var, komið fram í fjallskilum að hausti á hinu afgirta landi. Skal tala þessa búfjár vera skiptingargrundvöllur.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.